



Framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins

HLÝTUR HÉR MEÐ VOTTUN FRAMKVÆMDASTJÓRNAR EVRÓPUSAMBANDSINS VEGNA ÞÁTTTÖKU Í ERASMUS+ 2014-2020

NAFN STOFNUNAR

Stofnunin skuldbindur sig til að virða eftirfarandi undirstöðuatriði:

- + Að virða þær reglur sem Erasmus+ hefur sett varðandi misrétti og tryggja að þátttakendur með ólíkan bakgrunn hafi jöfn tækifæri og aðgengi að áætluninni.
- + Að tryggja að skiptinám sé að fullu metið sé því lokið á fullnægjandi hátt, og að starfsnám sé einnig metið til eininga (ECTS eða eftir sambærilegu kerfi) ef mögulegt er. Einnig skal tryggja að skipti- og starfsnám sé hluti af brautskráningarskírteini (sem skírteinisviðauki eða sambærilegt skjal), sé því lokið á fullnægjandi hátt.
- + Að fara ekki fram á að skiptistúdentar sem dvelja við stofnunina greiði gjöld vegna skólavistar, innritunar, prófa eða aðgangs að rannsóknarstofum eða bókasöfnum meðan á dvöl þeirra stendur.

Jafnframt skuldbindur stofnunin sig til að:

- Stúdenta- og starfsmannaskipti - áður en skipti-/starfsnám hefst

- + birta og uppfæra námskrá sína á vefsíðu stofnunarinnar í tæka tíð fyrir stúdentaskipti, til að tryggja gagnsæi og gera skiptistúdentum kleift að taka upplýstar ákvarðanir um þau námskeið sem þeir velja.
- + standa að stúdenta- og starfsmannaskiptum aðeins innan ramma þeirra samninga sem hafa verið gerðir milli stofnana. Með samningunum eru skyldur og hlutverk ólíkra aðila varðandi skiptin staðfest, sem og skuldbinding þeirra til að tryggja gæði í vali á þátttakendum, undirbúningi, móttöku og aðlögun.
- + tryggja að stúdentar og starfsmenn stofnunarinnar séu vel undirbúnir fyrir skiptin, þar með talið að tungumálakunnátta þeirra sé nægilega góð.
- + tryggja að stúdenta- og starfsmannaskipti séu byggð á námssamningi/samningi um starfsmannaskiptin sem er samþykktur af báðum stofnunum og þátttakanda.
- + veita þátttakendum, bæði þeim sem koma frá stofnuninni og til hennar, aðstoð í tengslum við vegabréfsáritun, þegar þörf er á.
- + veita þátttakendum, bæði þeim sem koma frá stofnuninni og til hennar, aðstoð í tengslum við tryggingar, þegar þörf er á.
- + aðstoða þátttakendur sem koma til stofnunarinnar við leit á húsnæði.

meðan á skipti- eða starfsnáminu stendur

- + tryggja að komið sé fram við þátttakendur sem koma til stofnunarinnar á sama hátt og aðra stúdenta og starfsfólk hvað varðar nám og þjónustu.
- + tryggja að þátttakendur sem koma til stofnunarinnar séu hluti af daglegu lífi hennar.
- + tryggja að viðeigandi stuðningsþjónusta sé í boði fyrir þátttakendur.
- + veita þátttakendum sem koma til stofnunarinnar viðeigandi stuðning við að læra tungumálið.

eftir að skipti- eða starfsnáminu lýkur

- + meta til fulls það nám sem stúdent hefur lokið á fullnægjandi hátt meðan á dvölinni stóð í samræmi við námssamninginn.
- + útvega þátttakendum sem dvalið hafa við stofnunina nákvæmt yfirlit yfir þann árangur sem þeir hafa náð í lok dvalarinnar eins fljótt og auðið er.
- + veita þátttakendum nauðsynlegan stuðning að dvöl lokinni til að reynsla þeirra og þekking geti einnig komið stofnuninni og samnemendum/starfsfólki til góða.
- + tryggja að starfsfólk fái dvölinna metna, séu viðfangsefni hennar í samræmi við samning um starfsmannaskipti.

- Þátttaka í evrópskum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum -

- + tryggja að niðurstöður samstarfsins hafi langvarandi áhrif á allar stofnanirnar sem hlut eiga að máli.
- + útvega þeim stúdentum og starfsfólki sem að samstarfinu koma viðeigandi stuðning.
- + nýta niðurstöður verkefnanna þannig að áhrif þeirra á einstaklinga og stofnanir verði sem áhrifaríkust og að hvatt sé til þess að þeim sé dreift meðal samnemenda/-starfsfólks í háskólaumhverfinu nær og fjær.

- til að tryggja sýnileika -

- + birta þessa vottun ásamt Erasmus stefnuýfirlýsingu á áberandi stað á vefsíðu stofnunarinnar.
- + kynna þau tækifæri sem Erasmus+ hefur upp á að bjóða auk ávinningsins sem þeim fylgja.

Fyrir hönd stofnunarinnar votta ég að eftirlit verði haft með framkvæmd ECHÉ og að brot á ofangreindum reglum og skuldbindingum kunni að leiða til þess að Framkvæmdastjórn ESB dragi vottunina til baka.

- Undirskrift -

NAFN
Ábyrgðaraðili

Erasmuskóði